

Málþing um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum

Haldið Hljómahöllinni, Hjallavegi 2, Reykjanesbæ
14. nóvember 2014

Markmið málþingsins er að gera sveitarfélög meðvitaðri um:

- » hvort þjónusta þeirra sé að mæta þörfum íbúa af erlendum uppruna,
- » hvernig byggja megi upp fjölmenningslega þekkingu meðal starfsmanna,
- » hvernig megi stuðla að aukinni þátttöku íbúa af erlendum uppruna í samfélaginu og skapa jákvæð viðhorf í þeirra garð.

Á málþinginu verður leitað svara við grundvallarspurningum sem snúa að stöðu íbúa af erlendum uppruna í sveitarfélögum og leitast við að greina:

- Hver séu helstu úrlausnarefnin og hvernig sé hægt að leysa úr þeim?
- Hvaða stuðning sveitarfélög geta fengið og á hvaða stuðning þau þurfi á að halda?
- Hvernig sé hægt að auka samstarf sveitarfélaga um málefni innflytjenda?

Málþingið er ætlað framkvæmdastjórum sveitarfélaga, fulltrúum í sveitarstjórnnum og nefndum, millistjórnendum, sérstaklega félagsmálastjórum, mannauðstjórum, bókasafnsstjórum og öðrum stjórnendum upplýsingamála, svo og öðru starfsfólki sveitarfélaga sem hefur með málefni innflytjenda að gera.

Málþingsstjóri: Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar í Sandgerði

Málþingsgjald kr. 7.500

Skráning:

<http://www.samband.is/verkefningin/lydraedis--og-mannrettindamal/innflytjendamal/skraning-um-malthing-2014/>

Dagskrá

09:30-10:00 Morgunhressing

10:00-10:10 Opnunarávarp um tilefni og markmið málþingsins.

I. Staðan og bjargirnar

10:10-10:30 *Progress rannsókn um margþætta mismunun - Viðhorf starfsmanna sveitarfélaga og viðhorf innflytjenda.*

Rúnar Helgi Haraldsson sérfræðingur á Fjölmenningarsetri.

10:30-10:50 *Mismunandi staða innflytjenda eftir því hvaðan þeir koma og hvernig þeir koma? (kvótaflóttamenn, aðrir flóttamenn, EES-fólk og utan EES, nýir íbúar og þeir sem eru búnir að vera lengur).*

Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

10:50-11:10 *Sjónarhorn innflytjendans - Hvernig er að vera íbúi í Reykjanesbæ.*

Angela Marina Barbedo Amaro, eigandi Ráðhússkaffis í Reykjanesbæ.

11:10-11:30 *Hvernig getum við nýtt okkur reynslu nágrannaþjóða?*

Hera O. Einarsdóttir framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagsþjónustusviðs Reykjanesbæjar.

11:30-11:50 *Hvað er millimenningarferni og af hverju er hún mikilvæg?*

Edda Ólafsdóttir sérfræðingur á Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

11:50-12:05 *Hvernig er hægt að nýta almenna símenntunarkerfið til að auka þekkingu starfsmanna?*

Hulda Anna Arnljótsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt.

12:05-12:35 *Leiðir til að ná til innflytjenda. Reynsla Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar.*

Anna Lára Steindal, verkefnisstjóri mannréttindamála hjá Akraneskaupstað og Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar.

12:35-13:15 Hádegishlé.

13:15-13:30 *Hvaða stuðning getur Fjölmenningarsetur veitt sveitarfélögum?*

Hrefna Ragnheiður Magnúsdóttir verkefnisstjóri.

13:30-13:45 *Kynning á væntanlegri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda til 2018.*

Sigurjón Norberg Kærnested formaður innflytjendaráðs.

13:45-14:00 *Samþætting hagsmuna innflytjenda í þjónustu sveitarfélaga, ábyrgð yfirstjórnenda.*

Svanfríður I. Jónasdóttir fyrrverandi bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar.

II. Úrlausnarefnin og leiðir til lausna.

14:00-15:30 Þrír umræðurhópar starfa samtímis:

1. Er þjónusta sveitarfélaga að mæta þörfum íbúa af erlendum uppruna?

2. Hvernig er hægt að byggja upp fjölmenningarlega þekkingu meðal starfsmanna?

3. Hvernig er hægt að stuðla að aukinni samfélagslegri þátttöku íbúa af erlendum uppruna og skapa jákvæð viðhorf í þeirra garð?

III. Niðurstöður og lok

15:30-16:15 Kynning á niðurstöðum hópa og umræður um eftirfylgni.